



FFSÍ

# FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9984

Alþingi  
Erindi nr. P 122/679  
komudagur 13.1.198

Reykjavík, 12. janúar 1998.

Nefndasvið Alþingis,  
Þórshamri við Templarasundi,  
150 Reykjavík.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, 209. mál.**

Vísað er til bréfs sjávarútvegsnefndar Alþingis, dagsett 17. nóvember 1997, þar sem óskað er eftir umsögn um framangreint lagafrumvarp sem felur í sér takmörkun aflahlutdeilda í eigu einstakra aðila eða tengdra aðila.

Fjallað var um málið á fundi framkvæmdastjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands þann 19. desember 1997. Niðurstaða fundarins var að samtökin leggjast ekki gegn lagafrumvarpinu. Hins vegar vildi fundurinn koma því á framfæri við sjávarútvegsnefnd Alþingis að umrætt frumvarp til laga tæki með engum hætti á einu helsta vandamáli varðandi stjórn fiskveiða sem er óheft framsal veiðiheimilda með tilheyrandi afleiðingum eins og nauðungarþátttöku sjómanna í kostnaði vegna leigu á kvóta. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands skorar á nefndarmenn sjávarútvegsnefndar Alþingis til þess að beita sér fyrir afnámi á óheftri verslun og leigu veiðiheimilda. Með slíku afnámi væri stigið mikilvægt skref í átt að skapa víðtækari sátt um afar umdeilt fiskveiðistjórnunarkerfi.

Virðingarfyllt,  
f.h. Farmanna- og fiskimannasambands  
Íslands

Benedikt Valsson